



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2021

2101074SA GB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um þátt. um vernd og orkunýtingu landsvæða (3. áfangi rammaáætlunar), 370. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði, dags. 26. janúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint þingmál.

Almennt

Sambandið vísar til umsagnar sinnar frá 21. apríl 2017 um afstöðu til málsins, en í henni er að hluta tekið undir gagnrýni annarra umsagnaraðila varðandi það að vinna verkefnisstjórnar og faghópa hafi ekki að öllu leyti uppfyllt markmið laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þar sem áætlunin er lögð fram óbreytt, nærri fjórum árum eftir að málið var fyrst til umfjöllunar á Alþingi, eiga umræddar ábendingar enn við.

Verkefni Alþingis er eins og áður að meta hvaða efnislegu þýðingu umræddir annmarkar á málsmeðferð rammaáætlunar kunni að hafa á röðun einstakra virkjanakosta og hvort af þeirri ástæðu sé tilefni til að breyta þingsályktunartillögum. Einkum kunna þau sjónarmið sem rakin eru í umsögninni að leiða til þess að virkjanakostum sem verkefnisstjórn rammaáætlunar raðaði í verndarflokk verði frekar raðað í biðflokk. Er þingnefndin sérstaklega hvött til þess að kynna sér afstöðu sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem veitt hafa umsagnir um einstaka virkjanakosti.

Loks er tilefni til að minna á að síendurteknar tafir á afgreiðslu Alþingis á 3. áfanga rammaáætlunar hafa mjög truflandi áhrif á framgang frekari vinnu við rammaáætlun. Þannig liggur fyrir lagatúlkun um að verkefnisstjórn 4. áfanga er óheimilt að fjalla um virkjanakosti í biðflokk 3. áfanga þar sem áætlunin hefur ekki hlotið staðfestingu Alþingis. Að áliti sambandsins er mikilvægt að gerð verði úttekt á því hvernig hægt er að skerpa á ferlum við gerð rammaáætlunar. Þannig virðist m.a. vera mikið tilefni til að skýra nánar hlutverk og skyldur Orkustofnunar gagnvart verkefnisstjórn rammaáætlunar þannig að þeir virkjanakostir sem stofnunin telur rétt að vísa til umfjöllunar í verkefnisstjórn berist tímanlega og með fullnægjandi gögnum. Einnig kann að vera tilefni til að kveða á um að tilkynning um slíka málsmeðferð berist til sveitarfélaga sem málið varðar.

Umsagnir sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Í fyrrgreindri umsögn er vísað til umsagna sveitarfélaga og landshlutasamtaka sem bárust Alþingi á 146. löggjafarþingi. Fjórum árum síðar hefur eðlilega margt breyst og meiri vitneskja liggur fyrir um einstaka virkjanakosti. Fyrir liggja nýjar umsagnir frá Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri umsagnir kunna að berast frá sveitarfélögum.

Á þessum tíma hefur áhersla stjórnvalda á raforkuöryggi einnig aukist stórlega, eins og m.a. er rakið í ítarlegri umsögn Vestfjarðastofu/Fjórðungssambands Vestfjarða. Ljóst er að áframhaldandi kyrrstaða í orkumálum hugnast viðkomandi sveitarstjórnnum illa þótt skoðanir um einstaka virkjanakosti geti eðlilega verið skiptar innan sveitarstjórna. Sambandið tekur sérstaklega undir með Vestfirðingum að afhendingaröryggi raforku þarf að vera tryggt.

Sambandið hvetur að lokum þingnefndina til að leita eftir afstöðu allra sveitarfélaga sem málið varðar við umfjöllun um þingsályktunartillöguna, óháð því hvort þau hafa sent inn umsögn.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri